

<b>Titill</b>	Hæfniferð A - Tæknileg hæfni
<b>Skammstöfun</b>	FJAL3HA05
<b>Námsgrein</b>	Fjallamennska
<b>Viðfangsefni</b>	Tæknileg hæfni
<b>Þrep</b>	3
<b>Einingafjöldi</b>	5

<b>Lýsing:</b>	Námið er vettvangsnám í náttúrunni þar sem tekist er á við raunaðstæður. Í ferðinni sameinast flest þau námskeið sem nemandi hefur lokið og þar nýtir hann þá þekkingu, leikni og hæfni sem hann hefur öðlast í náminu til að leysa verkefni ferðarinnar. Megináherslan er á nemandann sjálfan sem ábyrgan fjallamann.
----------------	--

<b>Þekkingarviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• grunnþáttum varðandi skipulag ferða</li> <li>• kortalestri, áttavita og GPS</li> <li>• rötun og leiðarvali í fjalllendi</li> <li>• þverun straumvatna</li> <li>• útiildun</li> <li>• nauðsynlegum öryggisbúnaði</li> <li>• hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði</li> <li>• mikilvægi þess að ganga vel um landið</li> <li>• mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim</li> <li>• sérhæfðum búnaði til útivistar</li> <li>• eigin styrkleika og takmörkunum</li> </ul>
------------------------	---

<b>Leikniviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina helstu þætti við skipulag og undirbúning ferða</li> <li>• rata með hjálp áttavita og GPS</li> <li>• rata og velja leiðir í fjalllendi, meta áhættu og stýra þeirri hættu</li> <li>• huga vel að sjálfum sér og öðrum í ferðum</li> <li>• velja staði til að þvera straumvatn</li> <li>• meta aðstæður úti í íslenskri náttúru</li> <li>• skipuleggja og stunda fjölbreyttar fjalla- og óbyggðaferðir og nota viðeigandi búnað af öryggi</li> <li>• nýta sér aðstæður í náttúrunni og meta veðurútlit</li> <li>• meta eigin styrkleika og mörk</li> <li>• meta hvað skiptir mestu máli við skipulag á lengri útivistarferðum</li> <li>• velja sérhæfðan útivistarbúnað í samræmi við aðstæður</li> </ul>
---------------------	--

<b>Hæfniviðmið</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri og lengri ferðir</li> <li>• rata af öryggi með hjálp áttavita og GPS</li> <li>• rata og velja öruggustu leiðina í fjalllendi</li> <li>• geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður</li> <li>• geta sinnt matarundirbúningi við frumstæðar aðstæður</li> <li>• taka ákvarðanir í samráði við hóp ferðafélaga</li> <li>• geta stundað fjölbreytta útivist á öruggan hátt</li> <li>• geta brugðist við á viðeigandi hátt þegar slys ber að höndum í ferðalögum</li> <li>• hagnýta sér það sem sjá má af veðurútliti</li> <li>• skipuleggja og stunda útivist og fjallaferðir við mismunandi aðstæður á öruggan hátt</li> <li>• leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum</li> <li>• geta notið þess að vera á fjöllum</li> <li>• nota sérhæfðan búnað sem stuðlar að sem mestu öryggi</li> <li>• taka saman í lok ferðar mat á hvernig til tókst og geta dregið lærdóm af því</li> </ul>
--------------------	--

<b>Námsmat</b>	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

<b>Leiðbeiningar</b>	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara, bæði í ferðinni sjálfri, fyrir og eftir ferð.</p> <p>Gert er ráð fyrir fundum um námið í upphafi og lok dags á meðan á ferðinni stendur.</p> <p>Nemandi skilar loggbók í lok ferðar og er hún hluti af námsmöppu. Hann skráir einnig hæfni sína í Europass.</p>
----------------------	--